

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Laufásvegi inn á Hringbraut til austurs. Ákvörðun þessi tekur gildi 23. september 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. september 1986.

Böðvar Bragason.

15. september 1986

Nr. 399

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 628 30. desember 1980 um jöfnunargjald með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. reglugerðarinnar bætist tollskrárnúmer 84.17.10 og 85.12.10. Jöfnunargjald skal þó ekki greitt af hitastautum í tnr. 85.12.10.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 79 23. desember 1980 um jöfnunargjald til að öðlast gildi frá og með 1. október 1986.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1986.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

15. september 1986

Nr. 400

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolls af geymavatnshiturum, gegnstreymisvatnshiturum og hitavatnsdunkum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af geymavatnshiturum, gegnstreymisvatnshiturum og hitavatnsdunkum sem flokkast í tnr. 84.17.10 og 85.12.10 í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. Sérstakt tímabundið vörugjald fellur jafnframt niður af þessum vörum.

2. gr.

Niðurfelling tolls samkvæmt framanrituðu er bundin því skilyrði að viðkomandi vörur verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni, sbr. og auglýsingu nr. 101/1986.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. og 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 1. október 1986.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1986.

F.h.r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Gudrún Ásta Sigurðardóttir

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum norðaustur af Langanesi.

1. gr.

Frá og með 19. september til 31. október 1986 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði sem markast af línun sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°46'10 N — 14°28'50 V
2. 67°19'30 N — 14°27'50 V
3. 66°59'40 N — 12°56'40 V
4. 66°50'20 N — 13°05'10 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.